2004/EES/65/19

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 109/2004

**frá 9. júlí 2004**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004 frá 8. júní 2004 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([2]) var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 ásamt aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0068**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 (Stjtíð. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 68/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 36 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 59, 25.11.2004, p. 12.
([2]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.